

Nr. 18 004 S 002 Samskip Hoffell***Bilun í aðalvél***

IMO.nr. 9196943
Útgerð: Samskip hf
Skráning: Rotterdam, Holland, PCLT.
Smíðaður: Kína, 2000
Stærð: 4,454 GT 5,536 DWT
Mesta lengd: 100,6 m
Breidd: 18,8 m Dýpt: 5,8 m
Vél: MAN 9L 32/40.
Áhöfn: 15



Samskip Hoffell © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. janúar 2018 var Samskip Hoffell á siglingu frá Reyðarfirði áleiðis til hafnar í Kollafirði í Færeyjum. Veður: SV 2 m/s.

Skipið hafði samband við Vaktstöð siglinga (VSS) um að það væri vélavana í mynni Reyðarfjarðar. Björgunarskip á Austurlandi voru send á staðinn ásamt þyrlu Landhelgisgæslunnar. Eftir skoðun skipverja tókst að koma aðalvél skipsins í gang á ný og sigla skipinu til hafnar á Eskifirði í fylgd björgunarskipa.

Við rannsókn kom fram:

- að afgangloki í strokkloki nr. 9 aðalvélar brotnaði (*sjá mynd*);
- að síðasta upptekt á afgangloknum var framkvæmd í desember 2016 en 6.880 keyrslutímar voru á honum þegar óhappið varð;
- að brot úr afgangloknum komst inn í túrbínuna með



Rauða örin sýnir afganglokann skemmdan á tveimur stöðum

þeim afleiðingum að dísuhringur og afgashjól skemmdust. Voru þau dæmd ónýt;

- að samkvæmt viðhaldskerfi skipsins og vélarframleiðanda (MAN) á að taka upp afgangsloka eftir 5.000 til 6.000 keyrslutíma;
- að ventlabil á sog- og afgangslökum var mælt mánaðarlega og var það gert síðast 29. desember 2017;
- að fram kom hjá yfirvélstjóra að næsta upptekt á strokklokum væri fyrirhuguð í ágúst 2018 eða eftir 3.500 keyrslutíma.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til skorts á viðhaldi aðalvélar.